

# 2023

Ársskýrsla  
Hugverkastofunnar





@Hugverkastofan 2024


Ritstjórn: Eiríkur Sigurðsson

Hönnun og uppsetning: Pétur Vilhjálmsson

Prentun: Svansprent

# Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra .....	4
Starfsemi og hlutverk .....	6
Þjónusta .....	7
Innlent samstarf .....	8
Erlent samstarf .....	9
Stafræn þróun .....	11
Stella - starfsmannafélag .....	13
Lögfræðileg málefni .....	14
2023 í hnotskurn .....	16
Vörumerki mánaðarins .....	22
Góð kaup - en á kostnað hvers? .....	24
Vörumerki í vörn og sókn .....	26
Vernd hugverka - Lykill að árangri í nýsköpun .....	28
Tölfræði .....	32
Mannauður og rekstur .....	39



# Ávarp forstjóra

Síðastliðið ár var ár mikill breytinga hjá Hugverkastofunni. Um mitt árið fluttum við í nýtt og glæsilegt húsnæði að Katrínartúni 4. Þar vinna starfsmenn nú allir saman í einu, opnu og nútímalegu vinnurými sem endurspeglar vel áherslur stofnunarinnar á samvinnu og nýsköpun. Óhætt er að segja að með samstilltu átaki starfsfólks hafi flutningarnir tekist framfar vonum og nýja skrifstofan er afbragðs gott dæmi um hversu miklu máli gott og fallegt vinnuumhverfi skiptir fyrir góðan vinnustað.

Á árinu voru stigin stór skref á stafrænni vegferð Hugverkastofunnar og viðskiptavinir stofnunarinnar geta nú sinnt öllum helstu og algengustu erindum sínum á vefnum hugverk.is. Á árinu var m.a. innleidd ný umsóknargátt fyrir einkaleyfi og byrjað að senda skjöl í stafrænt pósthólf viðskiptavina á island.is. Hæst bar þó að í nóvember var tekið í notkun nýtt rannsóknarkerfi fyrir vörumerki sem nýtir gervigreind til að hraða rannsókn á skráningarhæfi vörumerkja og stuðlar þannig að hraðari afgreiðslu og styttri málsmeðferðartíma.

Líkt og fyrri ár var sterkum tengslum haldið við alþjóðastofnanir sem fara með hugverkaréttindi með þátttöku í fundum, ráðstefnum, nefndum og stýrihópum. Undirrituð var viljayfirlýsing með forstjórum hinna norrænu hugverkastofanna um aukið norrænt samstarf á sviði einkaleyfa. Þá var gaman að sjá að íslenskir uppfinningamenn voru á árinu tilnefndir til Evrópsku nýsköpunarverðlaunanna í fyrsta sinn.

Áhersla hefur verið lögð á það undanfarin ár að auka vitund almennings og hagaðila um mikilvægi hugverkaréttinda og starfsemi Hugverkastofunnar. Í því augnamiði stóð Hugverkastofan fyrir fjölmörgum viðburðum og fyrirlestrum á árinu, á eigin vegum og í samstarfi við aðra. Þar bar einna hæst Nýsköpunarþing sem haldið var í Grósku í október í samstarfi við Rannís, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Íslandsstofu. Hugverkastofan bar hitann og þungann af skipulagningu þingsins að þessu sinni, sem tókst einstaklega vel, en sjónum var sérstaklega beint að líftækni og heilbrigðistæknigeiranum. Þá tókum við þátt í ÍMARK deginum, Vísindavöku, stóðum fyrir viðburðum um mistök í nýsköpun og eitt evrópskt einkaleyfi og byrjuðum að birta greinar um vörumerki mánaðarins, svo fátt eitt sé nefnt.

Á árinu var hafist handa við mótun nýrrar stefnu Hugverkastofunnar en fyrri stefna gildi upprunalega til ársins 2022. Eftir niðurstöðu könnunar í tengslum við Stofnun ársins og áhættumat sem unnið var af Auðnast var ákveðið að beina stefnumótun að innra starfi Hugverkastofunnar með það að markmiði að efla vinnuanda og bæta samskipti á vinnustaðnum. Til að aðstoða okkur í þeirri vinnu voru fengnir utaðankomandi ráðgjafar. Vinnan hófst á árinu með vinnustofum og viðtölum við starfsfólk. Ný stefna mun varða bæði innra starf og skipulag stofnunarinnar og þjónustu og stjórnsýslu og innleiðing hennar mun hefjast um mitt ár 2024. Greinilegt er að þessi vinna hefur þegar haft mikil áhrif því í febrúar 2024 var greint frá því að Hugverkastofan væri hástökkvari ársins í könnun Sameykis á

Borghildur Erlingsdóttir

stofnun ársins fyrir árið 2023, þar sem við vorum í 10. sæti stofnana með 5-39 starfsmenn.

Sorgin knúði dyra hjá okkur á árinu. Í ágúst kvöddum við Hönnu Lillý Karlsdóttur, kæran samstarfsfélaga til sautján ára. Elsku Hönnu okkar verður afar sárt saknað af samstarfsfélögum, bæði faglega og félagslega og við munum varðveita minningu hennar af virðingu og væntumþykju. Annar kær samstarfsfélagi missti maka sinn langt fyrir aldur fram í desember. Eftir árið er mér því efst í huga þakklæti til starfsfólks Hugverkastofunnar fyrir samstöðu þess og samhug á erfiðum tímum.

Horfandi fram veginn stefnum við á að halda áfram að bæta þjónustu við viðskiptavinum okkar og efla vitund um mikilvægi hugverkaréttinda með það að markmiði að auka verðmætasköpun og efla samkeppishæfi íslensks atvinnulífs.



Borghildur Erlingsdóttir forstjóri



# Starfsemi og hlutverk

Hugverkastofan er opinber stofnun undir yfirstjórn háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Skipulag Hugverkastofunnar skiptist í þrjú megin svið: rekstrarsvið, hugverkasvið og þjónustusvið, auk skrifstofu forstjóra. Þá heyrir starfsemi faggildingarsviðs undir stofnunina en er faglega og fjárhagslega aðskilið annarri starfsemi og heyrir undir annað ráðuneyti.

Skipulag og starfssvið stofnunarinnar markast af auglýsingu nr. 187/1991 og reglugerð nr. 188/1991. Hlutverk stofnunarinnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðarmerki og önnur hliðstæð réttindi er kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Stofnuninni ber að veita einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði. Þá ber stofnuninni að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi.

## Hugverkasvið

Á sviðinu fer fram formleg og efnisleg meðferð umsókna um skráningu vörumerkja, einkaleyfa og hönnunar. Á sviðinu eru teknar ákvarðanir um skráningu eða höfnun eftir atvikum og lögfræðingar sviðsins sinna rökstuðningi þegar umsóknum er hafnað. Leyst er úr andmæla-, ógildingar- og niðurfellingarmálum á sviðinu og fjallað um beiðnir um endurveitingu réttinda.

## Rekstrarsvið

Rekstrarsvið annast öll þau verkefni sem snúa að umsýslu mannauðs, fjármálum, rekstri og gæðamálum auk þess að hafa umsjón með rekstri upplýsingatæknikerfa og skjalastjórn. Þá hefur starfsfólk sviðsins umsjón með alþjóðlegum samstarfsverkefnum og samningum við alþjóðastofnanir og vinnur að fjölmörgum öðrum rekstrartengdum verkefnum auk þess að taka þátt í teymisvinnu þvert á svið innan stofnunarinnar.

## Þjónustusvið

Á þjónustusviði fer meðal annars fram formleg meðhöndlun umsókna og erinda, útgáfa Hugverkatíðinda og önnur ytri þjónusta. Þá tekur sviðið á móti umsóknum um viðhald réttinda, þ.e. greiðslu árgjalda af einkaleyfum og endurnýjun hönnunar- og vörumerkjaskráninga, auk þess að sinna beiðnum um aðilaskipti, veðsetningu skráninga og fleira.

## Skrifstofa forstjóra

Á skrifstofu forstjóra starfa yfirlögfræðingur, samskiptastjóri og stafrænn leiðtogi. Skrifstofan fer meðal annars með sameiginleg verkefni Hugverkastofunnar, en einnig hefur hún yfirumsjón með lögfræðilegum málefnum, innri og ytri samskiptum, stafrænni þróun og innleiðingu á stefnu. Á skrifstofu forstjóra er einnig unnið sjálfstætt að tilteknum verkefnum eða málaflokkum í samvinnu við forstjóra eða sviðsstjóra.

# Þjónusta


Á meðal stefnumiða Hugverkastofunnar er að veita skilvirka og notendamiðaða þjónustu. Þjónustuframboð Hugverkastofunnar er fjölbreytt og sniðið að ólíkum þörfum viðskiptavina.

Sú þjónusta sem flestir viðskiptavinir sækja er hugverkaráðgjöf sem veitt er á fjarfundum eða í eigin persónu í Katrínartúni 4. Alls nýttu 174 aðilar sér slíka þjónustu á árinu 2023 og fjölgaði um 36% á milli ára. 66% viðskiptavina fengu þjónustuna á fjarfundi.


Samtalsleit, sem fer fram í samstarfi við Nordic Patent Institute, er fjarfundur með einkaleyfaransakanda sem er valinn með tilliti til sérþekkingar sinnar á sviði uppfinningarinnar. Niðurstöður samtalsleitar geta gefið gagnlegar vísbendingar um nýnæmi uppfinninga og hjálpað þátttakendum að ákveða næstu skref. Samtalsleitir voru 19 á árinu 2023 eða jafn margar og árið á undan.

Símtölum og erindum með tölvupósti fækkaði umtalsvert árið 2023 miðað við árin á undan, en erindum í gegnum netspjall fjölgaði. Símtöl voru 1.506, fyrirspurnir með tölvupósti 475 og netspjalli 135. Fyrirspurnum er almennt svarað samdægurs.

Tegund ráðgjafar



Form samskipta



Ásdís Kristmundsdóttir



# Innlent samstarf

Hugverkastofan leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við innlenda hagsmunaaðila til að auka þekkingu á hugverkaréttindum, bæta þjónustu við viðskiptavini og stuðla að aukinni og bættri notkun hugverkaréttinda á Íslandi. Stofnunin hefur því í gegnum árin efnt til margvíslegs samstarfs við aðila í iðnaði, menntun, rannsóknum, nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi hér á landi, enda er hugverk víða að finna. Árið 2023 áttum við í samstarfi við flesta háskóla landsins, Samtök iðnaðarins, Íslandsstofu, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Rannís, Iceland Innovation Week, Klak Icelandic Startups, Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, ÍMARK, FUVÉ, FEIS, Lögmannafélagið og Controlant.

Á árinu stóð Hugverkastofan fyrir fjölmörgum viðburðum í samstarfi við fyrrgreinda aðila og ber þar einna hæst Nýsköpunarþing, viðburð um mistök í nýsköpun á Iceland Innovation Week og kynningarfund um eitt evrópskt einkaleyfi.



# Erlent samstarf

Hugverkastofan á í miklu alþjóðlegu samstarfi til að tryggja virka miðlun upplýsinga, reynslu og þekkingar á milli einkaleyfa- og hugverkastofa í Evrópu. Slíkt samstarf verður sífellt mikilvægara á tímum heimsvæðingar þar sem viðskipti, iðnaður og rannsóknar- og þróunarstarf eru í auknum mæli alþjóðleg.


Þetta samstarf fer að miklu leyti fram á vettvangi Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) en Hugverkastofan tekur virkan þátt í stjórnun stofnunarinnar sem fulltrúi eins af 39 aðildarríkjum hennar og er forstjóri Hugverkastofunnar einnig varaformaður framkvæmdaráðs. Samstarfið við EPO fer einkum fram í framkvæmdaráði og fjármálanefnd, laganefnd og tækninefnd. Þá er Hugverkastofan með tvíhliða samstarfssamning við EPO sem meðal annars nær yfir þátttöku í margs konar tæknilegum og lögfræðilegum verkefnum sem öll miða að því að gera upplýsingar um einkaleyfi og umsóknir aðgengilegri fyrir notendur á heimsvísu og samræma túlkun aðildarríkjanna á sambærilegri löggjöf.

Hugverkastofan á einnig í viðamiklu samstarfi við Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) og eru stofnanirnar með tvíhliða samstarfssamning sín á milli varðandi hin ýmsu svið, þ.á m. samræmda málsmeðferð á sviði vörumerkja og hönnunar, endurmenntunar og fræðslu og tæknilausna. Þá tekur Hugverkastofan virkan þátt í hinum ýmsu samstarfsnefndum sem áheyrnarríki.

Á liðnum árum hefur Hugverkastofan tekið virkan þátt í og innleitt nokkur verkefni EUIPO og aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB), sem stuðla eiga að samræmingu (e. Common Practices – CP) við túlkun laga og reglna á sviði vörumerkja og hönnunar. Samstarfið byggir á samstarfssamningi frá árinu 2013 og því að íslensk löggjöf á þessu sviði er í samræmi við tilskipanir ESB um sama efni með hliðsjón af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Á árinu var unnið að því að laga þessi verkefni betur að íslenskri löggjöf og túlkun til þess að auka skýrleika, gagnsæi og fyrirsjáanleika í tengslum við meðhöndlun umsókna. Fjögur CP-skjöl voru birt á vef Hugverkastofunnar á árinu.

Norrænt samstarf á sviði einkaleyfa var styrkt með undirritun viljayfirlýsingar milli Nordic Patent Institute (NPI) og hugverkastofnana Svíþjóðar og Finnlands. Markmiðið er að skiptast á hugmyndum og upplýsingum um starfshætti við alþjóðlegar einkaleyfaleitir og -rannsóknir. Samstarfið felur einnig í sér samræmingu áherslna í samskiptum við EPO auk samvinnu í gæðamálum.

Loks á Hugverkastofan í miklu samstarfi við Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO) og taka starfsmenn Hugverkastofunnar þátt í fjölmörgum fundum og námskeiðum á vegum hennar á ári hverju varðandi þá samninga sem Ísland er aðili að á sviði hugverkaréttar. Stofnunin á einnig í samstarfi við Fríverslunar-samtök Evrópu (EFTA) og tekur þátt í samstarfi á milli einkaleyfa- og hugverkastofa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.



## Fundir og ráðstefnur

### EPO

- Stjórnarfundir
- Fundir framkvæmdaráðs
- Fundir tækninefndar
- Fundir fjármálanefndar
- PatLib fundur
- Fundir í laganefnd
- Fundur um samstarfsmál
- Ársfundur Coconet-samstarfshópsins
- Ráðstefna Spænsku hugverkastofunnar
- Ráðstefna vegna 50 ára afmælis Evrópska einkaleyfasamningsins
- Afhending Evrópsku nýsköpunarverðlaunanna

### WIPO

- Fundur um tæknimál
- WIPO þing

### EUIPO

- Samstarfsfundir um vörumerki og hönnun (Liaison)
- Allsherjarfundur samráðsvettvangs (Observatory)
- Samráðsfundur opinbera geirans (Observatory)
- Afhending Evrópsku hönnunarverðlaunanna

### Norrænt samstarf

- Stjórnarfundir Nordic Patent Institute
- Fundur forstjóra hugverkastofa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna
- Fundur í norrænum og baltneskum samstarfshópi um einkaleyfi
- Samráðsfundur samskiptastjóra hugverkastofa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna

### EFTA

- Fundur vinnuhóps um hugverkaréttindi

# Stafræn þróun

Á síðustu árum hefur þjónusta Hugverkastofunnar færst á vefinn. Nú geta viðskiptavinir stofnunarinnar sinnt öllum helstu og algengustu erindum þar, en á árinu 2023 jókst þjónustuframboðið enn frekar þegar Hugverkastofan innleiddi nýja umsóknargátt fyrir einkaleyfi sem þróuð var í samstarfi Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) og nokkurra aðildarríkja.

Á árinu byrjaði Hugverkastofan að senda skjöl í stafrænt pósthólf á island.is, en Hugverkastofunni, eins og öðrum ríkisstofnunum, er ætlað að senda allar tilkynningar og ákvarðanir til viðskiptavina með þeim hætti. Fyrstu skjölin sem rötuðu í stafræna pósthólfið frá Hugverkastofunni eru skráningarskírteini og endurnýjunarvottorð vegna vörumerkja, en útliti þeirra var breytt umtalsvert á árinu. Á næstu misserum mun stofnunin senda fleiri erindi með þessum hætti.

Í samstarfi við Stafrænt Ísland hefur stofnunin unnið að því að upplýsingar um hugverkaréttindi birtist eigendum á island.is.

Umfangsmesta verkefni ársins 2023 hvað varðar stafræna þróun snéri þó ekki að viðskiptavinum með beinum hætti, en stofnunin tók í notkun nýtt rannsóknarkerfi fyrir vörumerki. Rannsóknarkerfið var tekið í notkun í byrjun nóvember 2023. Kerfið tryggir aukin gæði og meira samræmi við mat á skráningarhæfi vörumerkja. Þar er umtalsverð sjálfvirkni m.a. við yfirferð á vörum og þjónustu, mat á ruglingshættu við önnur merki og firmaheiti og sérkenni vörumerkja. Ljóst er að kerfið hefur þegar flýtt umtalsvert fyrir rannsókn og að á næstu misserum muni viðskiptavinir verða sjáanlega varir við hraðari afgreiðslu og styttri málsmeðferðartíma.

Á árinu var unnið að því að tengja Hugverkastofuna við ARK, greiðslukortagátt Fjársýslunnar. Rafrænar greiðslur einfalda vinnu starfsfólks Hugverkastofunnar og ættu að leiða til þess að umsóknargjöld verði frekar greidd og umsóknum þannig haldið lifandi. Gert er ráð fyrir að rafrænar greiðslur verði í boði um mitt ár 2024.



Pétur Vilhjálmsson

Á árinu hóf Hugverkastofnun Evrópusambandsins (EUIPO) að nota nýjar vefþjónustur Hugverkastofunnar til að sækja upplýsingar um vörumerki. Sömu vefþjónustur eru notaðar fyrir leitarvél Hugverkastofunnar og við ýmsa þjónustu fjögurra erlendra einkafyrirtækja sem bjóða viðskiptavinum sínum upp á leitarþjónustu og annað.

Önnur helstu verkefni ársins 2024 verða *Mínar síður* þar sem viðskiptavinir sem hafa auðkennt sig í gegnum island.is geta fengið yfirlit um réttindi sín og aðgang að stöðu mála. Við hönnun verkefnisins er megináhersla lögð á stórnotendur hjá Hugverkastofunni, en sumir þeirra þurfa að halda utan um fleiri þúsund hugverkaréttindi og mál hjá stofnuninni.

Þá er vinna farin af stað við *stafræn Hugverkatíðindi* sem er ætlað að tryggja viðskiptavinum einfaldari aðgang að upplýsingum um tilkynningar sem stofnunin hefur auglýst í Hugverkatíðindum. Stafrænu tíðindin verða alsjálfvirk.

Á meðal annarra verkefna sem gert er ráð fyrir að unnið verði að á árinu eru sjálfvirkir frestir og aðilaskipti með rafrænum undirritunum. Þá er gert ráð fyrir að rannsóknarkerfi vörumerkja verði þróað áfram auk þess sem sú vinna verður nýtt til að einfalda utanumhald og flýta fyrir afgreiðslu annarra erinda, t.d. staðfestinga evrópskra einkaleyfa, hönnunarumsókna og rökstuðningsmála.

Starfsmenn Hugverkastofunnar munu eftir sem áður taka þátt í fjölmörgum alþjóðlegum verkefnum þar sem hægt er að samnýta vinnu milli stofnana og einfalda viðskiptavinum og starfsfólki lífið og flýta þannig fyrir afgreiðslu mála.

99%

umsókna bárust rafrænt á árinu

1.412

skjöl voru send í stafrænt pósthólf á árinu

28

stafrænir þjónustuferlar eru nú í boði á vef Hugverkastofunnar

825

vörumerkjaumsóknir voru rannsakaðar í nýju rannsóknarkerfi frá 3. nóvember til ársloka 2023



# Stella starfsmannafélag

Stellan stóð fyrir ýmsum uppákomum á árinu. Þar má m.a. nefna dóta- og búningaskiptidag fyrir börn starfsfólks og litlu jólin þar sem þeim var boðið í Katrínartúnið til að mála piparkökur og hitta jólasveina. Þá fóru starfsmenn í pílu, tóku þátt í borðtennismóti og bleiki dagurinn var haldinn hátíðlegur. Félagið stóð sömuleiðis fyrir jólaskemmtun í húsakynnum Hugverkastofunnar í Katrínartúni og skipulagði innflutningspartý með Stuðkenni, starfsmannafélagi Auðkennis.

Í mars tók við ný stjórn Stellu, en hana skipuðu: Mary Björk Þorsteinsdóttir formaður, Árni Halldórsson, Eiríkur Sigurðsson, Nói Steinn Einarsson og Pétur Vilhjálmsson.

# Lögfræðileg málefni

Engar breytingar urðu á árinu 2023 á þeim sérlögum sem Hugverkastofan starfar eftir. Auglýsing um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja nr. 1550/2022 tók gildi 1. janúar 2023 en flokkaskrá NICE-flokkunarkerfisins er uppfærð árlega. Með henni voru minniháttar breytingar gerðar á þjónustuflokkum 36 og 45 auk þess sem heimild fyrir umsækjendur til þess að nýta HDB gagnagrunn EUIPO (e. The harmonized database) við útfærslu vörumerkjaumsókna var innleidd. Auglýsing nr. 1365/2023, einnig um flokkun vöru og þjónustu var samþykkt stuttu fyrir áramótin og tók gildi 1. janúar 2024. Með henni urðu aðeins smávægilegar breytingar á vöruflokkum 3 og 30. Ný reglugerð nr. 536/2023 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. tók gildi 1. júlí 2023. Engar breytingar urðu með henni á gjaldaliðum.

Á allsherjarþingi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (e. WIPO Assemblies), sem haldið var dagana 6. – 14. júlí 2023, voru smávægilegar breytingar samþykktar á þeim samningum sem Ísland er aðili að, þ.e. Madrid bókuninni (e. Madrid Protocol) vegna vörumerkja og Samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty) vegna einkaleyfa. Þær breytingar höfðu ekki umtalsverð áhrif á starfsemi eða verkferla Hugverkastofunnar.

Breytingar á þeim alþjóðasamningum sem varða Hugverkastofuna voru annars þær helstar að þann 1. júní 2023 tóku gildi tvær reglugerðir Evrópusambandsins (ESB) og samningur nokkurra ESB-ríkja um sameiginlegan einkaleyfadómstól í tengslum við eitt evrópskt einkaleyfi (e. Unitary Patent). Með þeim er notendum evrópska einkaleyfakerfisins gert kleift að sækja um einkaleyfavernd í kjölfar veitingar Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) á evrópsku einkaleyfi í mörgum ríkjum ESB samtímis í stað þess að sækja um vernd í hverju þeirra um sig. Áfram er sótt um vernd á Íslandi með því að staðfesta einkaleyfi hér sérstaklega en íslenskir réttihafar að evrópskum einkaleyfum geta þó valið þessa nýju leið.

Laganefnd EPO (e. Committee on Patent Law) fundaði þrisvar á árinu. Smávægilegar breytingar á gjöldum til stuðnings nýliðum og nýjum fyrirtækjum voru ræddar og síðar innleiddar af framkvæmdaráði EPO (e. Administrative Council). Þær fela í sér bæði afslátt af tilteknum gjöldum, sem og niðurfellingu gjalda sem sjaldan eða aldrei hafa verið innheimt. Þá voru samþykktar breytingar á reglugerðum EPC (e. Implementing Regulations) varðandi notkun á pappír, faxi og kröfum til skjala varðandi aðilaskipti o.fl., sem taka gildi 1. apríl 2024.

Margrét Hjálmarasdóttir

Vinna við samstarfsverkefni EPO vegna einkaleyfa (e. Convergence of Practice) nr. 7 og 8, stóð yfir á árinu og tók Hugverkastofan þátt í öðru þeirra. Annað varðar útfærslu á leyfilegum atriðum í teikningum og hitt útgáfu rafrænna forgangsréttarskjala. Reiknað er með að verkefnunum ljúki með innleiðingu framkvæmdaráðs EPO á vormánuðum 2024.

Á vettvangi EFTA voru nýlegar breytingar á regluverki ESB um hönnun til umræðu, sem hugsanlega mun hafa áhrif á lög og reglugerð um hönnun hér á landi þegar fram líða stundir.

Að frumkvæði Evrópsku hugverkastofunnar (EUIPO) var unnið að því á vormánuðum að koma þeim samstarfsverkefnum um vörumerki og hönnun, sem Hugverkastofan hefur samþykkt og innleitt, í aðgengilegra form. Skjöl varðandi þau voru yfirfarin og aðlöguð að íslensku lagaumhverfi og eru þau nú aðgengileg bæði á heimasíðu stofnunarinnar og samstarfssíðu EUIPO (e. IP Network).





# 2023 í hnótskurn



## 16. janúar

Frá og með 16. janúar 2023 hefur verið hægt að nota enskar tilgreiningar úr samræmdum gagnagrunni Evrópusambandsins (The Harmonised Database, HDB) þegar sótt er um skráningu vörumerkja hjá Hugverkastofunni. Gagnagrunnurinn inniheldur um 78.000 tilgreiningar á vörum og þjónustu, samþykktar af Evrópsku hugverkastofunni EUIPO.

## 16. janúar

Vísindaferð Gulleggsins, sem er stærsta frumkvöðlakeppni landsins, var haldin í Grósku 16. janúar 2023. Hugverkastofan, sem er samstarfsaðili Gulleggsins, kynnti einkaleyfi, vörumerki og hönnun fyrir gestum, auk þess sem starfsmenn ræddu námsval og starfsþjálfunarmöguleika við háskólanemana.



## 4. febrúar

Hugverkastofan var með bás á UTmessunni.

## 24. mars

Hugverkastofan tók þátt í ÍMARK deginum með fyrirlestri um mikilvægi vörumerkjaskráninga og afhendingu Lúðurs fyrir mörkun – ásýnd vörumerkis.



## 1. febrúar

Ný skýrsla um einkaleyfisumsóknir íslenskra fyrirtækja á sviði lífvísinda var kynnt á málefnafundum Heilsutækniklasans miðvikudaginn 1. febrúar. Samkvæmt skýrslunni eru 63% allra einkaleyfisumsókna íslenskra lífvísindafyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum undanfarin 11 ár frá Össuri.

### 27. mars

Í könnun sem Maskína gerði fyrir Hugverkastofuna kom í ljós að vörumerki MS var efst í huga Íslendinga þegar þeir voru beðnir um að nefna vörumerki úr daglegu lífi. MS var nefnt af 23% svarenda og er eina íslenska vörumerkið sem náði topp-fimm sæti. Apple, Nike, Samsung og Coca-Cola fylgdu þar á eftir.

### 31. mars

Norrænt samstarf á sviði einkaleyfa var styrkt með undirritun viljayfirlýsingar milli Nordic Patent Institute (NPI) og hugverkastofnana Svíþjóðar og Finnlands. Markmiðið er að skiptast á hugmyndum og upplýsingum um starfshætti við alþjóðlegar einkaleyfaleitir og -rannsóknir. Samstarfið felur einnig í sér samræmingu áherslna í samskiptum við EPO auk samvinnu í gæðamálum.



### 3. apríl

Árið 2023 bárust 48 íslenskar umsóknir um evrópsk einkaleyfi til Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO), sem er meira en meðaltal síðustu tíu ára en færri en metárið 2021. Ísland stendur aðeins neðan við meðaltal aðildarríkja EPO miðað við umsóknir á hverja milljón íbúa. Mest fjölgun íslenskra umsókna var í upplýsingatækniáðferðum í stjórnun, en einnig voru nokkrar umsóknir innan heilbrigðistækni.



### 4. maí

Hugverkastofan bauð til málþings í Hörpu 4. maí í tilefni alþjóðahugverkadagsins. Umfjöllunarefnið var nýsköpunarkraftur kvenna – sögur úr hugverkageiranum. Fimm stjórnendur úr nýsköpunar- og hugverkageiranum fluttu áhugaverð erindi, með áherslu á mikilvægi hugverkaréttinda. Málþingið var vel sótt og vakti mikla athygli.

## 9. maí

Þorsteinn Loftsson og Einar Stefánsson, stofnendur Oculis, voru tilnefndir til Evrópsku nýsköpunarverðlaunanna 2023. Þeir þróuðu tækni fyrir augndropa til að flytja lyf til bakhluta augans, sem er byltingarkennd nálgun við meðhöndlun augnsjúkdóma eins og sjónudepilsbjúgs af völdum sykursýki.

## 10. maí

Á fræðslufundi Hugverkastofunnar, FUVE, FEIS og Lögmannafélags Íslands var fjallað um hvernig eitt evrópskt einkaleyfi (e. Unitary Patent) mun hafa áhrif á íslenska einkaleyfishafa. Eitt evrópskt einkaleyfi tók gildi 1. júní 2023. Það markar mikilvæg tímamót í sögu einkaleyfa í Evrópu.

## 26. maí

Hugverkastofan stóð fyrir hádegisviðburði á Iceland Innovation Week í samstarfi við Controlant og Samtök iðnaðarins. Umfjöllunarefnið var mistök í nýsköpun undir titlinum *No one becomes a bishop unbeaten*. Fjölmargir gestir komu í Grósku til að hlusta á frumkvöðla og fulltrúa íslenskra nýsköpunarfyrirtækja segja frá margskonar mistökum sem þau hafa gert og klúðri sem þau tóku þátt í, enda er auðvitað fátt betra en að læra af mistökum annarra.

## 9. júní

Hugverkastofan flutti í nýtt og glæsilegt húsnæði við Katrínartún 4 í júní. Í Katrínartúninu er öll starfsemi Hugverkastofunnar á einni hæð í opnu, nútímalegu og björtu rými og þar er góð aðstaða fyrir starfsmenn og til að taka á móti gestum og viðskiptavinum. Með flutningunum breyttist vinnuumhverfi starfsfólks Hugverkastofunnar mjög til hins betra. Sigga Heimis hönnuður var ráðgjafi við endurhönnun húsnæðisins og leiddi m.a. vinnustofur með starfsfólki þar sem línur voru lagðar varðandi litaval og fleira. Aftak sá um smíðavinnu.



## 12. september

Hugverkastofan tók í gagnað nýja íslenska útgáfu af Front Office umsóknagáttinni sem þróuð var af Evrópsku einkaleyfastofunni (European Patent Office, EPO) í samstarfi við aðildarskrifstofur. Með opnuninni á umsóknarkerfinu á hugverk.is er nánast öll þjónusta Hugverkastofunnar orðin stafræn og hægt að sækja um öll helstu hugverkaréttindi í iðnaði á vef stofnunarinnar.

## 27. september

Ísland heldur tuttugasta sætinu á lista yfir mest nýskapandi ríki heims samkvæmt nýsköpunarvísitölu Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), Global Innovation Index 2023.

## 30. september

Hugverkastofan tók þátt í Vísindavöku Rannís og kynnti einkaleyfavarðar vörur íslenskra nýsköpunarfyrirtækja.

## 1. október

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, afhenti nemendum Skarðshlíðarskóla í Hafnarfirði verðlaun í alþjóðlegri listaverkasamkeppni sem Evrópska einkaleyfastofan (European Patent Office, EPO) stóð fyrir í tilefni 50 ára afmælis Evrópska einkaleyfasamningsins. Afhendingin var í beinni útsendingu til höfuðstöðva EPO í München þar sem hún var liður í viðamikilli afmælis dagskrá dagsins. Ísland gerðist aðili að samningnum árið 2004, og hefur síðan verið virkur þátttakandi í starfsemi EPO.



## 20. október

Hugverkastofan er stoltur styrkaraðili Bleiku slaufunnar og starfsfólk klæddist bleiku í tilefni Bleika dagsins.



## 18. október

Birtum einkaleyfisumsóknum íslenskra fyrirtækja á sviði lífvísinda hjá Bandarísku einkaleyfa- og vörumerkjastofunni (US Patent and Trademark Office, USPTO) fjölgaði líttillega árið 2022 frá árinu áður en fækkaði hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (European Patent Office, EPO). Þó einkaleyfaumsóknum íslenskra lífvísindafyrirtækja hafi farið heldur fækkandi undanfarin ár er Ísland enn meðal þeirra landa sem á flestar umsóknir um einkaleyfi á sviði lífvísinda miðað við mannfjölda. Þetta kom fram í tölum sem teknar voru saman fyrir Hugverkastofuna í tilefni Nýsköpunarþings 2023, sem helgað var lífvísindum.

## 26. október

Hugverkastofan bar hitann og þungann af skipulagningu Nýsköpunarþings Íslands 2023. Það var haldið í Grósku 26. október. Þingið var að þessu sinni helgað fyrirtækjum í líf- og heilbrigðisvísindum undir titlinum Líf í lífvísindum. Stofnendur og stjórnendur Íslenskrar erfðagreiningar, Kerecis, Alvotech, NOX Medical, Sidekick Health, BIOEFFECT og Oculis fjölluðu um árangur sinna fyrirtækja frá mismunandi sjónarhóli. Í lok þingsins afhenti Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, PayAnalytics Nýsköpunarverðlaun Íslands 2023. Að Nýsköpunarþingi standa Hugverkastofan, Rannís, Íslandsstofa og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.



## 21. nóvember

Hugverkastofan hóf í nóvember að senda staðfestingar á móttöku umsókna, skráningarskírteini, endurnýjunarvottorð og staðfestar útskriftir vegna vörumerkja í stafrænt pósthólf á Ísland.is.

## 27. nóvember

Hugverkastofan tók þátt í vísindaferð Gulleggsins á Akureyri.

# Vörumerki mánaðarins

Á haustmánuðum var byrjað að velja skráð vörumerki mánaðarins. Verkefnið er unnið eftir fyrirmynd norrænna og baltneskra hugverkastofa. Markmiðið með því að velja eitt skráð vörumerki til umfjöllunar í hverjum mánuði er að vekja athygli á mikilvægi vörumerkjaskráninga og kynna starfsemi Hugverkastofunnar. Starfsfólk stofnunarinnar kys vörumerki mánaðarins úr hópi nýskráðra og nýendurnýjaðra íslenskra vörumerkja sem standa fyrir íslenska vöru og/eða þjónustu. Skráð vörumerki mánaðarins er vörumerki með skýr sérkenni og gott aðgreiningarhæfi, það má ekki vera lýsandi né má vera hætta á að því verði ruglað við önnur merki.

## September

Fyrsta vörumerki mánaðarins var valið í september. Það var orð- og myndmerkið Ducking Warm Icelandic Eider sem stendur fyrir nýja vörulínu íslensks útivistarfatnaðar með íslenskum æðardúni. Árni Rúnar Örvarsson rekur fyrirtækið Icelandic Eider sem á vörumerkið. Hann segir að markmiðið sé að búa til alveg nýtt konsept í útivistarbransanum: hágæða lúxusvöru, sem sé eins sjálfbær og tæknin leyfir.



## Október

Vörumerki október-mánaðar var orðmerkið Flóki sem er í eigu Eimverks ehf. og er notað fyrir íslenskt viskí sem bruggað er í Garðabænum úr byggi frá Bjálmholti við Hellu. Egill Gauti Þorkelsson, einn eigenda og starfsmanna þessa 10 manna fjölskyldufyrirtækis segir að nafnið Flóki sé tilvísun í Hrafna-Flóka sem hafi ekki farið troðnar slóðir, enda sé Flóka viskíið sérstakt og þróað frá grunni af stofnendum Eimverks sem hafi farið eigin leiðir með það að markmiði að búa til gott íslenskt viskí frekar en sæmilega eftirlíkingu af skosku viskíi.

# Flóki

## Nóvember

Bríet er nafn sem flest kannast við, enda hefur þessi unga tónlistarkona á skömmum tíma skapað sér sess sem einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar. Hún sótti nýlega um skráningu á orð- og myndmerkinu BRÍET og það var valið vörumerki nóvember-mánaðar. Hún segir að það sé í raun eðlilegur og mikilvægur hluti af vinnu hennar sem tónlistarmanns að sækja um vörumerki. Það sé mjög mikilvægt að setja minningu um sig í ákveðið form sem fólk geti tengt við og viti að tákni hana og hún eigi og bara hún. Með skráningu sé hún líka að koma í veg fyrir að aðrir geti nýtt sér hennar nafn og vörumerki í eitthvað sem hún væri ekki sátt við.



BRÍET

## Desember

Á Fitjum í Njarðvík er að finna besta Fish & Chips stað landsins samkvæmt Google: ISSI FISH & CHIPS. Þar stendur Jóhann Issi Hallgrímsson með kúluhatt yfir hátæknivæddum og nettengdum djúpsteikingarpottunum. Orð- og myndmerkið ISSI Fish and Chips var valið vörumerki desember-mánaðar. Issi segir að það sem hafi ýtt á þau að sækja um skráningu vörumerkisins sé að rekstraraðilar í Singapore hafi áhuga á að opna staði undir merki ISSI FISH & CHIPS þar í landi. Það hafi því verið tími til kominn að tryggja sér eignarrétt á vörumerkinu.

# Góð kaup – en á kostnað hvers?

*Verðslun með falsaðan varning kostar hönnuði, nýsköpunarstarfsemi og samfélagið allt gríðarlega fjármuni. Svo ekki sé minnst á störf sem glatast og heilsu fólks sem stefnt er í hættu. Allt til styrktar skipulagðri glæpastarfsemi.*

Hugverkaréttindi (þ.e. vörumerki, einkaleyfi, hönnun og höfundaréttur) eiga undir högg að sækja um heim allan vegna stöðugar og raunar ógnvænlegrar aukningar á kaupum og sölu á fölsuðum vörum. Til að bæta gráu ofan á svart þá er framleiðsla og sala falsaðrar vöru oft þáttur í skipulagðri glæpastarfsemi. Ekkert eftirlit er með framleiðslunni og mannréttindi þeirra sem vinna við framleiðslu vara á svörtum markaði eru virt að vettugi. Með kaupum á falsaðri vöru er því oft verið að styrkja og í raun beinlínis fjármagna slíka starfsemi.

## **Aðildarríki Evrópusambandsins orðið af 671.000 störfum**

Tölurnar eru sláandi: Samkvæmt skýrslu Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem birt var árið 2021 er talið að árið 2019 hafi verðmæti innflutnings falsaðrar vöru til ríkja Evrópusambandsins numið 119 milljörðum evra, jafngildi átján þúsund milljarða íslenskra króna. Það jafngildir 5,8% af öllum innflutningi til ríkja sambandsins. Samkvæmt skýrslu EUIPO frá árinu 2020 er enn fremur talið að ríkin hafi orðið af 671.000

störfum vegna sölu falsaðs varnings. Ekki liggja fyrir sambærilegar úttektir hér á landi, en Maskína gerði í apríl könnun fyrir Hugverkastofuna á viðhorfi Íslendinga til falsaðra vara og á því hvort þeir kaupi slíkar vörur. Um 1.000 manns tóku þátt. 9% svarenda sögðust hafa keypt falsaðar vörur eða eftirlíkingar síðustu 12 mánuði. Nokkuð sláandi var að sjá að 46% svarenda finnst að minnsta kosti stundum í lagi að kaupa slíkar vörur. Hér ber að nefna að neytendur eru oft ekki meðvitaðir um hvort þeir séu að kaupa falsaða vöru eða ekki og má því ætla að þessar tölur séu mun hærrí í raun.

## **Leikföng og lyf meðal þeirra vara sem eru falsaðar**

Hvað er átt við með falsaðri vöru? Hinn almenni neytandi sér ef til vill fyrst og fremst fyrir sér eftirlíkingu á vandaðri merkjavöru, svo sem falsaða tösku, armbandsúr eða hönnunarhúsgagn. Staðan er hins vegar sú að framleiðsla og sala á fölsuðum varningi nær í raun til nánast alls þess sem við notum í daglegu lífi. Má þar nefna fatnað, leikföng, snyrtivörur, varahluti í farartæki svo sem bíla og flugvélar, raftæki, hugbúnað, matvæli, lyf, lækningavörur og svo mætti lengi telja. Nánast allar vörur sem hægt er að merkja með tilteknu vörumerki er hægt að falska. Það er auðvelt að sjá fyrir sér hættuna sem fylgir t.d. fölsuðum lyfjum og fölsuðum leikföngum (framleidd úr óæskilegum og jafnvel hættulegum efnum án nokkurs eftirlits). Um er að ræða raunverulega ógn við heilsu okkar og barna okkar. Þið afsakið dramatíkina.

Sif Steingrimsdóttir



### **Aukning í verslun með falsaðar vörur á vefnum**

Hver skyldi vera ástæðan fyrir gríðarlegri aukningu á verslun með falsaða vöru? Úttektir sem gerðar hafa verið sýna að það er fyrst og fremst hið aukna rafræna aðgengi að öllu mögulegu sem veldur. Tökum dæmi: Hér áður fyrr þurfti kaupandi helst að vera staddur á túristaströnd í sólarlöndum og lenda í klóm misvafasamra sölumanna til að komast yfir ódýra en ískyggilega raunverulega Gucci tösku eða Rolex úr. Í dag er þessi sölumaður fluttur heim til kaupandans í formi netverslunar, þar sem hann lúrir í snjallsímanum eða tölvunni og býður vörur sínar stöðugt til sölu á freistandi verði án tillits til landamæra.

Vöruúrvalinu eru heldur engin takmörk sett; markaður sem áður snerist fyrst og fremst um falsaðan lúxusvarning nær nú yfir allt mögulegt líkt og áður greinir. Samkvæmt upplýsingum frá Tollinum þá hafa hér á landi meðal annars fundist falsaðar snyrtivörur, lyf, leikföng, armbandsúr, rafmagnstæki, húsgögn og fatnaður svo eitthvað sé nefnt, svo staðan hér virðist í takt við þróunina í öðrum Evrópuríkjum. Í fyrrnefndri könnun Maskínu kemur fram að 45% þeirra sem sögðust kaupa falsaðar vörur höfðu gert það hjá erlendri vefverslun.

### **Skráning hugverkaréttinda mikilvæg**

Hvernig er hægt að stemma stigu við þessari þróun? Fyrsta skrefið hlýtur að vera aukin meðvitund – kaupvitund og skilningur á því hvað felst í þeirri ákvörðun að kaupa falsaðar

eftirlíkingar. Skilningur á því að um skammgóðan vermi er að ræða, jú – kaupandinn eignast vöruna á „spottprís“, en það sem býr að baki vörunni og afleiðingar slíks iðnaðar er ekki falleg mynd. Svo ekki sé minnst á gæði vörunnar, sem auðvitað er ómögulegt að fullyrða um. Þegar kaupandinn skilur afleiðingarnar þá vonandi hugsar hann sig tvisvar um áður en hann lætur freistast.

Skráning hugverkaréttinda er mikilvægt skref í því berjast gegn fölsunum því með skráningu réttinda er rekjanleiki sem og sýnileiki rétthafa tryggður. Skráning auðveldar þannig neytendum að gera greinarmun á raunverulegum rétthöfum og óprúttum aðilum sem síst af öllu vilja gera uppruna sinn ljósan. Þar að auki auðveldar skráning rétthöfum að standa vörð um hugverkarétt sinn og stöðva ólögmetar eftirlíkingar þegar svo ber undir. Sért þú að markaðsetja vöru og hafir þú ekkert að fela – skráðu hugverkaréttindi þín! Sért þú að kaupa vöru og vilt tryggja að þú sért ekki að kaupa köttinn í sekknum, skoðuðu seljandann fyrst! Með smá rannsóknarvinnu er þetta oft ekki flókið mál.

Vöndum okkur þegar við verslum á netinu. Höfum hugfast að ef kaup eru of góð til að geta verið sönn, þá eru þau líklega einmitt það – of góð til að vera sönn.

*Greinin birtist fyrst á Vísi.*

# Vörumerki í vörn og sókn

Vörumerki íþróttafélaga eru mikilvægur þáttur í ímynd og sjálfsmynd félaganna og stuðningsmanna þeirra og félögin nota vörumerki með ýmsum hætti til að styrkja tengsl við stuðningsmenn sína og samfélagið allt. Eins og vörumerki almennt geta þau verið mjög verðmæt og stundum verðmætustu eignir félaganna. Verulegur hluti af veltu stærstu íþróttafélaga í heimi kemur af sölu á varningi merktum félögunum. Sem dæmi má nefna að tekjur Manchester City af sölu á varningi námu tæplega helmingi af 120 milljarða (\$826 milljónir) veltu félagsins tímabilið 2022/23.

Á hverjum degi birtast okkur óteljandi vörumerki sem við tengjum okkur við og stjórna kauphegðun okkar, til að mynda við val á fatnaði og matvörum. Vörumerki eru tákni sem notuð eru til að auðkenna vörur og þjónustu og skráð vörumerki tryggir einkarétt á notkun merkisins fyrir viðkomandi vörur eða þjónustu. Við forðumst vörumerki eftir slæma reynslu og mælum með öðrum við vini okkar og fjölskyldu þegar vörur og þjónusta hafa staðist væntingar okkar.

## **Bandarísk íþróttalið langverðmætust**

Af 50 verðmætustu íþróttafélögum í heimi árið 2022 samkvæmt Forbes skipuðu bandarísk félög 12 efstu sætin og samtals 42 sæti af 50. Á toppnum trónir lið Dallas Cowboys í NFL deildinni en verðmæti félagsins var metið á rétt rúmlega 1.100 milljarða króna (\$8 milljarða). Verðmætasta knattspyrnuliðið, Real Madrid, náði einungis 13. sæti listans en verðmæti þess var þá metið 700 milljarðar (\$5,1 milljarður).

Mörg verðmætustu íþróttafélög heims hafa skráð vörumerki sín hér á landi, m.a. öll félögin í NBA deildinni, auk stærstu fótboltaliða á Englandi og víða um Evrópu enda um að ræða fyrirferðamikil vörumerki hérlendis og á alþjóðavísu. Vörumerkin eru sýnileg víða, m.a. á fatnaði barna og fullorðinna, í íþróttaumfjöllun og í ýmiss konar auglýsingaefni. Þá má ekki líta framhjá hinni aldalöngu hefð að láta húðflúra á sig merki íþróttafélaga.

Íþróttafélög hafa í auknum mæli fært út kvíarnar til að stækka vörumerki sín og auka tekjumöguleika. Ein leið sem liðin hafa farið er að gera vörumerki sín aðgengilegri og eftirsóttari fyrir einstaklinga sem ekki skilgreina sig sem harðkjarna stuðningsmenn eða íþróttáhugafólk. Hér liggur beinast við að nefna gríðarlega vel heppnað samstarf franska knattspyrnuliðsins PSG við Nike og vörumerki þeirra Air Jordan sem hefur haft í för með sér að varla er hægt að ganga um stræti evrópskra stórborga í fimm mínútur án þess að rekast á a.m.k tíu einstaklinga í PSG x Jordan fatnaði. Þá breytti sigursælasta félag ítalskrar knattspyrnu, Juventus, útliti vörumerkis síns árið 2017 til þess að „endurskilgreina sig innan hins stóra afþreyingariðnaðar“ (Giorgio Ricci, chief revenue officer hjá Juventus við Bleacher Report).

Jóhann Skúli Jónsson

## Lítill hluti merkja íslenskra íþróttafélaga skráður

Íslensk íþróttafélög eiga flest merki sem þau nota til að merkja búninga sína, auglýsingar og ýmsan söluvarning. Íþróttafélögin skipa stóran sess í íslensku samfélagi og margt fólk tengir sig við ákveðin félög og merki þeirra. Félögin gegna stóru lýðheilsuhlutverki og í starfi þeirra liggur mikill félagsauður.

Síðastliðið sumar stóð RÚV fyrir áhugaverðri umfjöllun um merki íþróttafélaga þar sem hópur álitsgjafa var fenginn til að skera úr um hvaða merki væri flottast. Fjölmörg merki voru metin og sitt sýndist hverjum, en í öllu falli er ljóst að merki íþróttafélaga skapa sterkar tilfinningar hjá fólki – og mörg þeirra eru vel heppnuð og vel hönnuð.

Skráning á vörumerki er grundvallaratriði til að vernda auðkenni og verðmæti vörumerkja. Það skýtur því skökku við að aðeins lítill hluti merkja íslenskra íþróttafélaga hefur verið skráður hjá Hugverkastofunni. Á yfirstandandi keppnistímabili í handbolta og körfubolta og á síðastliðnu tímabili í fótbolta voru samtals 26 félög með lið í efstu deildum karla og kvenna. Af þeim eiga aðeins sjö félög skráð vörumerki á Íslandi. Til samanburðar má nefna að enska félagið Manchester United á skráð ellefu vörumerki á Íslandi.

Það er áhugavert að velta fyrir sér hvers vegna svo mörg íslensk íþróttafélög hafa ekki skráð merkin sín. Í fljótu bragði getur ástæðan m.a. verið skortur á vitund um mikilvægi skráninga á vörumerkjum. Fjárhagslegar ástæður geta sömuleiðis spilað inn í, þ.e. að félögin telji að kostnaðurinn við að skrá sé meiri en ávinningurinn eða að umsóknarferlið sé flókið og óaðgengilegt. Þá er ekki ólíklegt að einhver félög telji áhættuna á því að sleppa skráningu ekki vera mikla og að merkin verji sig sjálf. „Þetta hlýtur að reddast“.

Þá veur það sömuleiðis athygli að KSÍ er það eina af stóru boltasársamböndunum þremur sem hefur skráð vörumerki hjá Hugverkastofunni.

## Af hverju að skrá vörumerki?

Þau íþróttafélög sem hafa skráð vörumerki sín hjá Hugverkastofunni hafa þar með betri stjórn á því með hvaða hætti merkin eru notuð og geta bannað öðrum aðilum að nota þau í markaðslegum tilgangi. Hér er ástæða til að minna á að víða erlendis er mikið framboð af fölsuðum varningi eða eftirlíkingum, þar sem merki íþróttafélaga eru notuð heimildarlaust. Eitt áhrifaríkasta vopnið í baráttunni við falsaðan varning er einmitt skráning vörumerkis.

Á þeim markaði sem íþróttir á Íslandi búa við geta tekjumöguleikar verið fáir. Sterkasta eign hvers félags er vörumerki þess, sem aðdáendur í mörgum tilvikum sýna skilyrðislausu hollustu. Þrátt fyrir að það sé ólíklegt að við munum sjá stræti evrópskra stórborga troðin af fólki í varningi frá Skallagrími eða Fylki eru miklir möguleikar fyrir hendi sé vörumerkið rétt notað. Samstarf Víkings Reykjavík og fatahönnuðarins Hildar Yeoman við gerð treyju sem seld var til góðgerðarmála síðastliðið sumar er gott dæmi um hvernig félögin geta notað vörumerki sín sjálfum sér og öðrum til heilla. Á vef Hugverkastofunnar er einfalt að sækja um skráningu vörumerkis með rafrænum skilríkjum. Eftir að umsókn berst má vænta ákvörðunar Hugverkastofunnar um skráningu merkis innan fárra vikna. Starfsfólk Hugverkastofunnar er ávallt tilbúið að veita umsækjendum leiðbeiningar og ráðgjöf áður en sótt er um.

*Greinin birtist fyrst á [fotbolti.net](http://fotbolti.net) og [Vísí](http://Visi.is).*



Pétur Vilhjálmsson



Einar Sigurðsson

# Vernd hugverka – Lykill að árangri í nýsköpun

Eitt það mikilvægasta sem frumkvöðlar og nýsköpunarfyrirtæki þurfa að gæta vel að er að vernda hugverk sem verða til við þróun á nýrri vöru eða þjónustu. Það má m.a. gera með skráningu einkaleyfa, vörumerkja og hönnunar og með því að umgangast verðmætar upplýsingar sem viðskiptaleyndarmál. Það er mikilvægt að huga að vernd hugverka snemma í nýsköpunarferlinu, en ekki bíða með það þangað til vara eða þjónusta er tilbúin á markað. Öflug hugverkavernd styrkir stöðu nýsköpunarfyrirtækja gagnvart fjárfestum, samstarfs- og samkeppnisaðilum og það er oft vernd hugverka sem greinir árangursrík fyrirtæki frá öðrum.

## Einkaleyfi veita öflugra vernd

Líklega eru einkaleyfi verðmætustu hugverkaréttindi nýsköpunarfyrirtækja og fjölmörg dæmi eru um að nýsköpunarfyrirtæki byggja starfsemi sína og vöxt á öflugri einkaleyfavernd. Má til dæmis nefna Össur, Kerecis og Lauf Cycling. Fjárfestar horfa líka mjög til þess hvort nýsköpunarfyrirtæki hafi tryggt sér, eða í það minnsta sótt um einkaleyfi á sinni tækni.

Einkaleyfi eru veitt fyrir uppfinningar; tæknilegar lausnir á vandamálum og veita einkarétt til að nýta uppfinninguna, banna það öðrum eða leyfa öðrum að nýta hana t.d. með nytjaleyfi. Hægt er að fá einkaleyfi á ýmiss konar búnaði, aðferðum, afurðum og notkun.

Uppfinningar sem einkaleyfi eru veitt fyrir þurfa alls ekki að vera flóknar og sem dæmi má nefna að verðmætt einkaleyfi heilbrigðistæknifyrirtækisins Nox Medical, sem fyrirtækið stóð í áralöngum málaferlum til að verja í Bandaríkjunum og Evrópu, er á litlum, einföldum plaststykki sem sett eru á enda einnota öndunarskynjunarbelta, skila góðri rafleiðni, auðvelda uppsetningu beltanna á sjúklinga og henta vel í einnota framleiðslu fyrir lágmarkskostnað.

Einkaleyfi gilda almennt í tuttugu ár frá umsóknardegi og þau eru ávallt lands- eða svæðisbundin. Einkaleyfi sem gefið er út á Íslandi gildir aðeins á Íslandi en einkaleyfi veitt hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) geta tekið gildi í öllum 39 aðildarríkjum stofnunarinnar, þ.m.t. á Íslandi. Frá því síðastliðið sumar er einnig hægt að sækja um eitt evrópskt einkaleyfi hjá EPO, sem gildir í flestum ríkjum Evrópusambandsins. Einkaleyfisumsóknir eru ávallt birtar 18 mánuðum eftir umsóknardag.

*Fyrir nýsköpunarfyrirtæki er sérstaklega mikilvægt að gæta að því að trúnaður ríki um uppfinningu áður en sótt er um einkaleyfi, því ef upplýsingar um uppfinninguna hafa verið gerðar opinberar fyrir umsóknardag, telst uppfinningin ekki ný.*

Skilyrði fyrir því að einkaleyfi sé veitt er að uppfinningin sé ný á heimsvísu, hún sé frumleg og hagnýtanleg. Fyrir nýsköpunarfyrirtæki er sérstaklega mikilvægt að gæta að því að trúnaður ríki um uppfinningu áður en sótt er um einkaleyfi, því ef upplýsingar um uppfinninguna hafa verið gerðar opinberar fyrir umsóknardag, telst uppfinningin ekki ný. Þetta þýðir t.d. að ekki má birta vísindagreinar um uppfinningar sem ætlunin er að sækja um einkaleyfi fyrir, fyrr en eftir að sótt hefur verið um einkaleyfið og ekki má kynna þær t.d. væntanlegum fjárfestum eða samstarfsaðilum, nema að viðkomandi hafi undirritað formlega trúnaðaryfirlýsingu.

Annað sem nýsköpunarfyrirtæki þurfa að gæta sérstaklega að varðandi einkaleyfi er að þau gangi ekki á rétt eða veitt einkaleyfi annarra og þau hafi það sem kallað er „freedom to operate“ á því sviði sem þau starfa. Ef nauðsynlegt er að nýta einkaleyfisvarða tækni annarra fyrirtækja þarf að gera leyfissamninga við viðkomandi fyrirtæki og mögulega greiða leyfisgjöld.

Það þarf að vanda gerð umsókna um einkaleyfi til að tryggja að mögulegt einkaleyfi verji viðkomandi uppfinningu eins vel og mögulegt er. Miklar formkröfur eru gerðar til einkaleyfisumsókna og því mikilvægt að leita aðstoðar sérfræðinga á sviði hugverkaréttinda til að tryggja að þeim sé mætt. Hér á landi má t.d. leita aðstoðar félaga í Félagi einkaleyfissérfræðinga (FEIS) eða Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE).

Að sækja um einkaleyfi er ekki einfalt mál og einkaleyfisvernd í mörgum löndum er ekki ódýr. Það þarf því að vanda til verka og taka ígrundaða og vel upplýsta ákvörðun um hvaða uppfinningar sé rétt að sækja um einkaleyfi fyrir.

### **Viðskiptaleyndarmál eru stundum valkostur við einkaleyfi**

Viðskiptaleyndarmál eru upplýsingar sem njóta ákveðinnar lagalegrar verndar ef þau hafa viðskiptalegt gildi vegna þess að þau eru leyndarmál og ef gripið hefur verið til formlegra ráðstafana til að halda þeim leyndum. Ef uppfinning er flókin og ekki er einfalt að endurgera hana getur verið kostur að halda henni leyndri sem viðskiptaleyndarmáli frekar en að sækja um einkaleyfi fyrir henni. Þá er einnig mögulegt að vernda hluti sem ekki eru einkaleyfishæfir, svo sem uppskriftir, hugbúnað eða viðskiptaáætlanir með því að meðhöndla þá sem viðskiptaleyndarmál.

Kosturinn við viðskiptaleyndarmál umfram einkaleyfi er að þau eru aldrei birt almenningi, þau renna aldrei út og kosta minna. Ókosturinn er hins vegar að aldrei má slaka á formlegri vernd á upplýsingunum og lagaleg vernd er ekki eins öflug og á einkaleyfum.

Til að viðhalda viðskiptaleyndarmálum geta fyrirtæki t.d. sett trúnaðarákvæði í ráðningarsamninga starfsmanna og gert trúnaðarsamninga við samstarfsaðila. Einnig er mikilvægt að takmarka aðgengi að þeim upplýsingum sem teljast til viðskiptaleyndarmála svo aðeins þau sem þurfa upplýsingarnar geti nálgast þær. Upplýsingar sem liggja á glámbekk eða eru á allra vitorði innan fyrirtækis njóta ekki lagalegrar verndar sem viðskiptaleyndarmál.

### **Vörumerki eru meðal verðmætustu eigna fyrirtækja**

Vörumerki eru tákn sem notuð eru til að auðkenna vörur og þjónustu. Með skráningu tryggir eigandi sér einkarétt á notkun vörumerkis fyrir ákveðnar vörur og þjónustu og getur bannað notkun á eins eða líku merki fyrir þær vörur og þjónustu sem skráningin nær yfir og fyrir sambærilegar vörur og þjónustu. Vörumerkjaskráning gildir í 10 ár frá umsóknardegi og hægt er að endurnýja skráningu til 10 ára í senn, eins oft og eigandi þess óskar.

Mikilvægt er, ekki síst fyrir frumkvöðla, að velja fyrirtækjum sínum, vörum og þjónustu skráningarhæf auðkenni og vera með vörumerkjamála á hreinu allt frá byrjun. Það er algengur misskilningur að góð vörumerki lýsi þeirri vöru og þjónustu sem einstaklingur eða fyrirtæki býður upp á. Þessu er þveröfugt farið og lýsandi vörumerki fást almennt ekki skráð. Nafn á borð við Stefnumótaappið fengist t.d. líklega ekki skráð fyrir app á borð við Tinder og það er ólíklegt að einföld teikning af bíl fengist skráð sem merki fyrir leigubílaþjónustu. Það er ekki talið rétt að hægt sé að eigna sér orð eða tákn sem almennt eru notuð af þeim sem stunda viðskipti í viðkomandi geira eða þau þurfa nauðsynlega að nota, t.d. til þess að lýsa hvaðan varan/þjónustan kemur. Það hefur ósjaldan komið fyrir að íslensk fyrirtæki hafi valið nafn á vöru eða þjónustu og útbúið allt markaðsefni, en svo hafi komið ljós að nafnið hafi annað hvort verið óskráningarhæft vegna þess að það lýsir viðkomandi vöru eða þjónustu eða jafnvel að svipað merki hafi verið til skráð og í eigu annarra. Það ætti því að vera hluti af markaðsrannsókn fyrir nýjar vörur og þjónustu að kanna skráningarhæfi viðkomandi vörumerkja á viðeigandi mörkuðum.

Það er einfalt og alls ekki kostnaðarsamt að sækja um skráningu vörumerkis á Íslandi á vef Hugverkstofunnar og í Evrópu á vef Hugverkastofu Evrópusambandsins, EUIPO. Mikilvægt er að sækja um skráningu vörumerkis á þeim mörkuðum þar sem ætlunin er að markaðssetja vörur og þjónustu, enda líta t.d. dreifingaraðilar, fjárfestar og aðrir samstarfsaðilar iðulega til þess hvort að réttur á vörumerkjum sé tryggður. Það er líka mikilvægt að fyrirtæki eigi sjálft sín vörumerki en láti ekki t.d. dreifiaðilum eða öðrum aðilum eftir skráningar, því sambönd geta súrnað og það getur verið erfitt að vinda ofan af skráningum óviðkomandi aðila á vörumerkjum.

### **Hönnun má vernda með skráningu**

Hægt er að vernda nýja og sérstæða hönnun með skráningu. Skráning nær aðeins til útlits hönnunarinnar en ekki virkni og veitir einkarétt til að nýta hönnun, leyfa öðrum að nýta hana, t.d. með nytjaleyfi og banna það öðrum. Skráning gildir í fimm ár í senn og hægt er að endurnýja hana til alls 25 ára. Dæmi um hönnun sem gæti verið góð hugmynd að skrá er útlit á umbúðum, útlit á notendaviðmóti í appi, húsgögn, skartgripir, nytjalist, fatnaður o.s.frv.

Ekki er gerð rannsókn á skráningarhæfi hönnunar við skráningu og það er á ábyrgð eiganda skráningar að gæta réttar síns vegna annarra skráninga sem eigandi telur ganga á sinn rétt. Hönnunarvernd veitir ekki jafn öfluga vernd og einkaleyfi eða skráð vörumerki en getur þó verið mjög góð viðbót við slíka vernd, sem og við höfundarétt.

Það er mikilvægt fyrir nýsköpunarfyrirtæki sem byggja á hönnun að sækja um skráningu á viðkomandi mörkuðum til að koma í veg fyrir að aðrir framleiði og markaðssetji samskonar hönnun undir sínu nafni. Eins þarf að ganga formlega frá samningum varðandi eignarrétt á hönnun vöru og þjónustu áður en farið er út í markaðssetningu.

### **Höfundarétt þarf ekki að skrá**

Höfundaréttur er óskráður réttur sem verður til við sköpun verks, svo sem bókmennta, tónlistar, myndlistar, höggmynda, ljósmynda o.fl. Höfundaréttur verndar þó ekki einungis listræn verk, heldur getur hann einnig verndað tæknilega þætti, svo sem forritunarkóða og hönnunarútlit, sem eru grundvallarþættir í mörgum nýsköpunarverkefnum. Að höfundaréttur sé óskráður þýðir að hvorki þarf að sækja um hann né skrá sérstaklega.

Höfundaréttur skiptist í tvennt; í sæmdarrétt eða höfundarheiður, sem tilheyrir höfundinum ávallt og í fjárhagslegan rétt sem höfundur getur framselt öðrum eða veitt leyfi til að nota. Höfundaréttur helst þar til 70 ár eru liðin frá andláti höfundar.

Fyrir nýsköpunarfyrirtæki er t.d. mikilvægt að ganga frá formlegum samningum varðandi höfundarétt þar sem það á við, t.d. varðandi hönnun vörumerkja og umbúða.

Höfundaréttur er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðuneytisins en ýmis rétthafasamtök veita leiðbeiningar og ráðgjöf á þessu sviði.

*Í heimi stöðugrar nýsköpunar er vernd hugverka ekki bara valkostur, hún er nauðsyn. Það er þess vegna rík ástæða til að hvetja nýsköpunarfyrirtæki til að gera hugverkavernd að mikilvægum þætti í sínu vaxtar- og þróunarferli.*

### **Frekari upplýsingar á vef Hugverkastofunnar**

Á vef Hugverkastofunnar er að finna almennar upplýsingar og fræðslu um vernd hugverkarréttinda. Þar er líka hægt að panta almenna og sértæka ráðgjöf frá sérfræðingi án endurgjalds. Stofnunin getur þó ekki veitt lagalega ráðgjöf né vilyrði um skráningu. Einnig er hægt að kaupa samanburðarleit fyrir vörumerki hjá stofnuninni og samtalsleit með einkaleyfisrannsakanda hjá Nordic Patent Institute sem leitar kerfisbundið að þekktri tækni í einkaleyfagagnagrunnum, í samtali við þjónustukaupa.

Í heimi stöðugrar nýsköpunar er vernd hugverka ekki bara valkostur, hún er nauðsyn. Það er þess vegna rík ástæða til að hvetja nýsköpunarfyrirtæki til að gera hugverkavernd að mikilvægum þætti í sínu vaxtar- og þróunarferli.

*Greinin birtist fyrst í Viðskiptablaðinu.*




# Tölfræði




# Umsóknir

Breyting frá 2022



# Veitt réttindi

Breyting frá 2022



# Skráð hugverk

Í árslok 2023




# Einkaleyfi

Umsóknum um einkaleyfi fjölgaði um 25% á milli ára. Íslenskar umsóknir voru 49 á árinu og er það mesti fjöldi síðan 2020. Erlendar umsóknir eru fáar eins og verið hefur um langt árabil, enda nýta flestir erlendir aðilar evrópska einkaleyfakerfið til að öðlast réttindi á Íslandi.


Heildarfjöldi veittra einkaleyfa drógst nokkuð saman milli ára en þó voru fleiri einkaleyfi veitt til íslenskra aðila á árinu en gert hefur verið frá 2019.

Eftir mikla fækkun á staðfestingum evrópskra einkaleyfa milli áráanna 2021 og 2022 varð 8% fjölgun á árinu 2023. 993 einkaleyfi voru staðfest á árinu og um áramót voru um 9.400 evrópsk einkaleyfi í gildi á Íslandi.


### Einkaleyfi, veitt




### Einkaleyfi, umsóknir



### Staðfest evrópsk einkaleyfi



### Viðbótarvernd




Umsóknum um viðbótarvernd fækkaði nokkuð milli ára og að sama skapi varð fækkun í fjölda veittra viðbótarvottorða. Þá fækkaði PCT umsóknum íslenskra aðila nokkuð frá fyrra ári og hafa ekki verið færri um langt árabil.

Umsóknum um viðbótarvernd fækkaði nokkuð milli ára og að sama skapi varð fækkun í fjölda veittra viðbótarvottorða. Þá fækkaði PCT umsóknum íslenskra aðila nokkuð frá fyrra ári og hafa ekki verið færri um langt árabil.

Á árinu bárust þrjár beiðnir um endurveitingu réttinda og ákvarðað var í einu slíku máli.

Endurveiting réttinda	2021	2022	2023
Endurveitingarbeiðnir	4	2	3
Ákvarðanir	3	4	1

### PCT umsóknir




# Vörumerki

Á árinu bárust samtals 4.046 vörumerkjaumsóknir og er það rúmlega 9% fækkun frá fyrra ári. Fækkunin liggur eingöngu í alþjóðlegum umsóknun, en ástæða er til að nefna að árið 2022 var metár hvað fjölda þeirra varðar. Umsóknum íslenskra aðila fjölgaði aftur á móti um tæp 22% á milli ára og hafa ekki verið fleiri síðan metárið 2018. Á árinu 2023 voru rúmlega 18% vörumerkjaumsókna íslenskar, samanborið við tæp 14% árið 2022.


Birtum vörumerkjum fjölgaði mikið milli ára. Skýrist það af einkum af átaki í rannsókn vörumerkja, en með tilkomu nýs rannsóknarkerfis fyrir vörumerki hafa afköst sömuleiðis aukist umtalsvert.

Á árinu voru endurnýjuð samtals 3.541 vörumerki. Þar vekur athygli mikill fjöldi endurnýjana á alþjóðlegum merkjum. Í árslok var heildarfjöldi skráðra vörumerkja hér á landi 61.712.


### Vörumerki, birt



### Vörumerki, umsóknir




### Vörumerki, endurnýjuð merki



Á árinu bárust 20 andmæli og var úrskurðað í fjórum málum. Þá voru kröfur um niðurfellingu átta og ákvarðanir sjö. Sex ógildingarbeiðnir bárust stofnuninni og var ákvarðað í þremur málum. Ástæða er til að taka fram að umtalsverður fjöldi mála leiðir til niðurstöðu án ákvörðunar eða úrskurðar Hugverkastofunnar.

Andmæli, niðurfelling og ógilding	2021	2022	2023
Andmæli	3	9	20
Úrskurðir í andmælumálum	11	2	4
Kröfur um niðurfellingu	13	14	8
Ákvarðanir um niðurfellingu	14	10	7
Ógildingarbeiðnir	3	2	6
Ákvarðanir um ógilding	-	-	3

Hugverkastofunni bárust 33 ISMP umsóknir á árinu þar sem íslenskir aðilar nýta sér alþjóðlegt umsóknarkerfi fyrir vörumerki. Það er nokkur fækkun frá fyrra ári. Ekki hafa færri slíkar umsóknir verið lagðar inn nema einu sinni frá árinu 2011, en það var árið 2020 þegar 32 umsóknir bárust.




# Hönnun

Fjöldi umsókna um skráningu hönnunar sveiflast gjarnan mikið milli ára. Á árinu bárust samtals 140 umsóknir um skráningu hönnunar. 118 umsóknir voru frá erlendum aðilum - þar af 111 í gegnum alþjóðlega skráningarkerfið - og fækkaði um nærri 15% milli ára. Íslenskum umsóknum fjölgaði aftur á móti verulega og voru 22 árið 2023.


Skráningartölur fyrir hönnun haldast alla jafna í hendur við umsóknartölur enda eru flestar umsóknir skráðar og á það sérstaklega við um umsóknir erlendra aðila.

Á árinu fækkaði skráningum því nokkuð frá árinu á undan og í árslok var heildarfjöldi hönnunarskráninga sem voru í gildi hér á landi 1.454.

### Hönnun, umsóknir



### Hönnun, skráningar





# Mannauður og rekstur




Elfa Íshólm Ólafsdóttir

Hugverkastofan er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7.2 í fjármálaáætlun. Fjárheimild stofnunarinnar er ákvörðuð í fjárlögum hvers árs án þess að til komi framlag úr ríkissjóði.

Hjá Hugverkastofunni starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks með ólíkan bakgrunn. Í árslok 2023 störfuðu 35 starfsmenn á Hugverkastofunni, 23 konur og 12 karlar. Tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi stærstan hluta ársins og tveir starfsmenn störfuðu hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) sem sérfræðingar lánaðir til starfa. Eftir litlar breytingar á starfsmannahópi síðustu árin var starfsmannavelta nokkur á árinu eða 15% og hófu þrír nýir starfsmenn störf á fyrri hluta ársins í stað þeirra sem létu af störfum.

Hugverkastofan hlaut jafnlaunavottun árið 2021.






Rekstur Hugverkastofunnar er töluvert frábrugðinn rekstri annarra ríkisstofnana en umsvif stofnunarinnar ráðast af fjölda umsókna og erinda sem koma til meðferðar hjá stofnuninni hverju sinni. Reksturinn er alfarið fjármagnaður með rekstrartekjum og sértekjum en þar sem Hugverkastofan fellur undir A-hluta ríkissjóðs er fjárheimild stofnunarinnar ákvörðuð á fjárlögum hvers árs án þess að til komi framlag úr ríkissjóði.

Rekstrartekjur samanstanda af tekjum í formi þjónustugjalda frá þeim sem kosið hafa að vernda hugverk sín hér á landi. Rekstrartekjur ársins 2023 voru 636,4 m.kr., 32% vegna einkaleyfa og 66% vegna vörumerkja. Mikill meirihluti viðskiptavina Hugverkastofunnar eru erlendir aðilar en 90% rekstrartekna eru frá erlendum aðilum. Sértekjur ársins voru 28,3 m.kr. en þær skýrast af endurgreiddum ferðakostnaði og endurgreiddum launakostnaði sérfræðinga að láni hjá EUIPO.


Heildarútgjöld námu 677,2 m.kr. og var stærsti einstaki útgjaldaliðurinn launakostnaður eða 65%. Afkoma ársins var neikvæð um 12,5 m.kr. Þeim halla verður mætt með hreinni eign Hugverkastofunnar.

### Rekstur 2023




■ Rekstrartekjur ■ Sértekjur ■ Laun ■ Önnur gjöld

#### Skipting rekstrartekna



#### Skipting rekstrargjalda



**90%**

af rekstrartekjum komu frá erlendum aðilum

**67%**

af gjöldum voru vegna launakostnaðar

**36%**

af rekstrartekjum voru vegna einkaleyfa

**64%**

af rekstrartekjum voru vegna vörumerkja



Hugverkastofan